

Um samgöngumál og byggðapróun

— eftir Júlíus Sólnes

Eitt stærsta og mikilvægasta verkefni okkar Íslendinga á næstu árum er að bæta samgöngur í landi voru. Allir landsmenn eru fyrir löngu orðnir þreyttir á því að þeysa um landið á vöndum malarvegum, í rykmeppi á sumrin og ófærð á veturna, svo ekki sé talað um hvernig ökutækini drabbast niður og eyðileggjast miklu fyrir en ella vegna vandra vega. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á, að það er þjóðhagslega hagkvæmt að byggja trausta og góða vegi með bundnu slitlagi. Sparnaðurinn, sem hlýst af fljóttari og greiðari samgöngum og minnkunum viðhaldskostnaði ökutækja, er óumdeilanlegur. Um það eru allir sammála. En hvar á að finna fjármagn hjá 230 þúsunda manna þjóð til þess að leggja vegi með bundnu slitlagi í landi, sem er 3svar sinnum stærra en t.d. Danmörk. Það er því ljóst, að gífurleg ábyrgð hvílir á herðum þeirra, sem deila því litla fjármagn, sem þjóðin er aflögufar um til vegagerðar. Bæði þarf að hugsa um hag alþjóðar og sinna ákveðnum verkefnum, sem eru forsenda þróun byggðar á viðkomandi stað.


Byggðapróun og samgöngumál

Í nútíma þjóðfélagi eru góðar samgöngur forsenda fyrir þróun byggðar. Einangrun veldur hnignun og byggðin stendur í stað. Góðar samgöngur eru lyftistöng fyrir verslun og viðskipti. Með markvissum áætlunum um samgöngumál er því hægt að stýra þróun byggðar í þann farveg, sem talinn er æskilegur. Það er því fróðlegt að skoða vegaáætlun og langtímaáætlun í vegagerð, sem lögð var fram á þingi í haust. Áætlunin hefur ekki verið endanlega samþykkt á Alþingi, en allir þing-

flokkarnir munu hafa samþykkt hana.

Langtímaáætlunin ber merki þeirrar stefnu í byggðamálum, sem hefur einkennt þjóðfélagið í ein 15 ár. Með góðu eða illu skal öllu landinu haldið í byggð hvort sem einhver vitglóra er í því eða ekki. Fjármagni og kröftum er dreift yfir allt landið eins og sáðkorni yfir akur og reynt að gera það sem jafnast, þótt stundum vilji myndast skafi á stöku stað fyrir harðfyllni einstakra þingmanna. Engum hefur dottið í hug að staldra við og íhuga hvort hægt sé að halda 230 þúsund manns, eða öllu heldur 100 þúsund, þar sem 130 þúsund Íslendingar búa samþjappaðir á suðvesturhorninu, dreifðum yfir alla byggilega sem miður byggilega staði þessa lands. Á því er hins vegar ekki nokkur vafi, að á næstu áratugum mun byggð á Íslandi þjappast saman og myndast nokkrir sterkir byggðakjarnar, hvort sem framsóknarmönnum líkar það betur eða ver.

Tökum atvinnumálin sem dæmi. Öllum er ljóst, að eigi að tryggja komandi kynslóðum næg atvinnutækifæri verður það að gerast með stórfelldri uppbyggingu iðnfyrirtækja, þar sem bæði sjávarútvegur og landbúnaður virðast fullnýttir hvað þetta atriði varðar. Iðnaður þrífst fyrst og fremst í þéttbýli, og markviss iðnþróunarstefna kallar því á þéttari byggð. Þá má benda á, að almenn- ingur gerir allt aðrar kröfur til lífsins en forfeður okkar, sem reyndu að dreifa sér sem mest um landið. Fólk vill hafa greiðan aðgang að verzlunum, skólum, heilbrigðisþjónustu og alls kyns menningarstofnunum svo sem leikhúsum, kvikmyndahúsum, skemmtistöðum og fl. En þetta er aðeins hægt, þar sem öflug byggð er til staðar, og í dag er það aðeins höfuðborgarsvæðið, sem getur



Júlíus Sólnes, formaður VÍ

boðið upp á þessa möguleika ef Akureyri ein er undanskilin.

Nú má ekki skilja orð mín svo, að það eigi að leggja sveitirnar og alla smærri staði í eyði. Þvert á móti. Með öflugum þéttbýliskjörnum er betri grundvöllur fyrir blómleg landbúnaðarhéruð og alla smærri staði í næsta nágrenni. Þetta ætti að vera öllum ljóst sem ferðast um nágrenni Reykjavíkur og blómleg landbúnaðarhéruð Eyjafjarðar og Suðurlands.

Langtímaáætlun um vegagerð fram til ársins 1994

Ef gluggað er í langtímaáætlunina kemur margt einkennilegt í ljós. Á mörgum fjölförnum köflum hringvegarnir eru litlar sem engar framkvæmdir fyrirhugaðar fyrir en síðast á tímabilinu. Þannig er til dæmis ekki gert ráð fyrir því að hefja framkvæmdir við veginn frá Fossá að Kjósarskarðsvegi og upp í Hvammsvík fyrir en á árunum 1987–1990. Enn furdulegra er að sjá, að vegurinn fyrir Hvalfjarðarbotn er ekki á dagskrá fyrir en undir 1994. Hins vegar er ein allra stærsta tala, sem sést í lang-

„Í nútíma þjóðfélagi eru góðar samgöngur forsenda fyrir þróun byggðar. Einangrun veldur hnignun og byggðin stendur í stað. Góðar samgöngur eru lyftistöng fyrir verslun og viðskipti. Með markvissum áætlunum um samgöngumál er því hægt að stýra þróun byggðar í þann farveg, sem talinn er æskilegur.“

tímaáætluninni, kr. 52,9 milljónir, á vegi nr. 34, kafla 05. Væri gaman að fá nánari skýringar á þeirri framkvæmd og útreikninga á arðsemi hennar, en hér mun vera um að ræða svokallaða Ölfusárósabru. Er hún fyrirhuguð á tímabilinu 1987–1990.


Ef hringvegurinn er skoðaður sérstaklega vekur það ennfremur athygli hversu kjördæmunum hefur verið mismunad gegnum árin. Kemur þetta fram í niðurstöðum áætlunarinnar fyrir hin ýmsu kjördæmi. Lagningu hringvegarnir með bundnu slitlagi á Suðurlandi og Norðurlandi vestra verður nánast lokið á tímabilinu. Á Vesturlandi verða eftir um 125 kílómetrar malarvega og á Norðurlandi eystra um 157, sem eru þó mun þéttbýlli kjördæmi. Á Norðurlandi eystra vekur það ennfremur athygli, að Akureyri losnar ekki úr þeirri einangrun í samgöngulegu tilliti, sem auglýsilega er farin að hafa mjög slæm áhrif á vöxt og viðgang staðarins. Það er annars undarlegt þegar lítið er til baka, að lítið sem ekkert hefur verið unnið við hringveginn um-

hverfis Akureyri. Malbikaður vegur frá Akureyri út að Moldhaugnahálsi er nánast það eina, sem gerzt hefur í nær 20 ár.


Aðeins virðist þó vera að rofa til í vegamálum Akureyringa. Lagning nýs vegar yfir Leirurnar í botni Eyjafjarðar er á dagskrá á næstu 3 árum. Ennfremur er gert ráð fyrir að ljúka veginum yfir Víkurskarð og áfram um Kinnina til Húsavíkur fyrir 1987. Þannig skapast loksins viðunandi samband milli Akureyrar og Húsavíkur og var sannarlega tími til kominn. Hins vegar mun einangrunin til vesturs ekki rofin fyrir en undir lok tímabilsins, þ.e. 1994, með lagningu vegar um Norðurárdal upp á Öxnadalshéði. Blönduósingar og Sauðkrækningar munu því áfram kjósa að sækja þjónustu og verzlun alla leið til Reykjavíkur, sem er orðin mun auðfarnari leið, a.m.k. yfir vetrarmánuðina.

Þéttbýliskjarnar og staða Akureyrar


Á næstu árum og áratugum mun fólkið í landinu þjappa sér saman og flytjast búferlum ef með þarf í leit að nýjum atvinnutækifærum. Þetta er óhjákvæmileg þróun og því fyrir, sem ráðamenn gera sér þetta ljóst, því betra. Eins og nú horfir, ef ekkert verður að gert, er í raun ekki nema um einn stað að ræða, þ.e. höfuðborgarsvæðið. Engum dettur í hug, að það sé einhver glóra í því, að allir Íslendingar setjist að í Reykjavík og nágrennabyggðum hennar, enda er höfuðborgarsvæðið ekki í stakk búið að taka við öllu fleira fólki án þess að verða algert láglaunasvæði. Það er þegar orðið verulegt álag á Reykjavík, að aldrad og lasburða fólk flyzt þangað unnvörpum, þar sem ekki er hægt að veita því viðunandi umönnun annars staðar.



Ingela Berentsson: „Röda klippor“



Karen Serena Möller: „Billedvævning“



Sigurlaug Jóhannesdóttir: „Skuggar“

Nordisk Textiltriennal

Myndlist

Valtýr Pétursson

Að Kjarvalsstöðum er nú haldin stór og merkileg sýning á TEXTIL frá öllum þjóðum Norðurlanda. Þetta mun vera þriðja sýning af þessu tagi, og hefur hún verið haldin með þriggja ára millibili, eins og nafn sýningarinnar bendir til. Þessi sýning fer um öll Norðurlönd og er því merkileg að því leyti, að samanhæfðri ætti að fast hverju sinni um stöðu þessarar listgreinar í viðkomandi löndum. Textil er margslungin listgrein, sem á sér sínar eigin hefðir, og eins og allar hefðir í dag á það, sem á undan er gengið, í vök að verjast fyrir alls konar nýjungum. En einmitt þetta atriði er ef til vill einna ljósasta atriðið á þessari fallegu sýningu, sem nú er í háðum sölu Kjarvalsstaða.

Ég sagði hér að ofan fallegu sýningu, og á það sannarlega við og ekki eingöngu um sýninguna

sjálf, heldur og einnig um sýningarsalina á Kjarvalsstöðum, en þar hefur skeð undur. Hinum niðurdrepandi gráa lit, sem þar var á veggjum og gerði vart aðgengilegt að hengja listaverk á, hefur verið útrýmt, og gólf verið lókuð að nýju, svo að umhverfið er allt eins ákjósanlegt og vöð er á. Aðeins loftið er á sínum stað, en allir, sem á Kjarvalsstaði koma, vita hvað það þýðir.

Játað skal hér, að sá er þetta ritar, veit hreint ekki neitt um tæknileg brögð á sviði textilframleiðslu. Því legg ég ekki út á þá braut að fjalla um þá hlið málsins. En það er einnig myndræn hlið á þessari listgrein, og hún verður að duga að sinni. Það er ekki kallaremban á þessari sýningu, mér tókst aðeins að finna þrjá af því kyni í sýningaráskrá, sem gefur til kynna, að sýnendur séu 86. Af þessum fjölda eiga Íslendingar fimm fulltrúa, og eru það allt konur. Það svona jafdrar við, að þetta séu kvennasamtök, en

hvað með það, þarna er margt að skoða og athuga. Þarna úir og grúr af alls konar hugmyndum, og fjöldinn allur er þar af stílategundum, sem of langt mál yrði að greina hér, en hitt verður að segjast eins og er, að flest, ef ekki öll þessi verk, eru þess virði, að þau séu skoðuð. Sumt er þarna betra en annað, eins og alltaf vill verða, þegar svo stór hópur sýnir í einu. Það er ekki sjáanlegt mikið bil milli landa á þessari sýningu, og sérkenni hverrar þjóðar virðast ekki liggja á lausu. Þarna mynda sem sé Norðurlönd eina heild, og lengi hefur það verið draumur listforkólfa á þessu svæði að svo væri. Má því segja, að sá draumur rætist að nokkru með þessari sýningu. Samt fór nú svo fyrir mér, að ég stöðvaðist meir en góðu hófi gegndi við verk eftir danskar konur, og sumar þeirra eru með bestu verk á þessari sýningu að mínum dómi. Þarna eru abströkt verk, figúratíf verk, koncept-verk og margt fleira. Aðferðirnar eru

margvíslegar og gefa innsýn í að möguleikarnir eru margir. Efni- viður er einnig mjög margbreytilegur, og allt verður þetta lifandi fyrir bragðið. Og ekki fer það milli mála, að hér eru konur á ferð, sem kunna sitt fag.

EKKI ætla ég mér að fara hér út í sundurgreiningu á þessum verkum, en mig langar til að benda á nokkra þeirra listamanna, sem að mínum dómi eiga þarna verk, sem verða minnisstæð: Agnet Brugs-gaard, Mary-Ann Hansen, Nanna Hertoft, Conni Maria Johnsen, Birgitte Kath og Karen Serena Möller allar frá Danmörku. Leena Holme-Kolhinen, Eila Rantanen frá Finnlandi. Sigur laug Jóhannesdóttir og Hildur Hákonardóttir frá Íslandi. Synnøve Anker Aurdal og Turid Holter frá Noregi, og Svíþjóð rekur síðan lestina með Annette Fahlsten og Ingela Berentsson.

Það er ókostur við jafn stórar sýningar og þessa, hve mikill fjöldi sýnenda kemur þar fram. Það hlýtur að orsaka litla umfjöllun um hvern og einn listamann, en á hinn bóginn gefur slík sýning

góða heildarmynd af því, hvað er að gerast á þessu sviði í viðkomandi löndum.

Lítil viðbætur er við þessa stóru sýningu og nefnist það: Minitextil Ísland. Ekki veit ég, hvort þessi þáttur er nema viðbót við sýninguna hér, eða hvort þarna er um viðauka að ræða, sem fylgir sýningunni á leið hennar um Norðurlönd. Þetta eru lítil verk í alls konar efni, sem 11 listakonur hlerlendar hafa tekið saman. Þarna eru margar og skemmtilegar hugmyndir á ferð og hafði ég ánægju af að sjá þessa litlu og fínlegu hluti. Sérstök sýningaráskrá fylgir þessari deild, og er hún með því minnsta af þeirri gerð, er ég hef séð. En myndarleg sýningaráskrá fylgir aðalsýningunni, ef svo má segja, með fjölda mynda af verkum viðkomandi listamanna.

Í heild er þetta eftirtektarverð sýning, og ég hafði bæði gagn og gaman af að skoða þessa hluti. Það er mikill fengur fyrir okkur hér að fá slíka sýningu, og ég hugsa, að fleiri verði fegnir að sjá, hvað er að gerast á þessu sviði en ég.